

STJÓRNARTÍÐINDI B 123 – 1999

28. desember 1999

2861

Nr. 948

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 2000.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald, (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 2000, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) *Íbúðir:*

Sorphirðugjald kr. 6.800 á hverja íbúð.

B) *Fyrirtæki:*

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	kr.
a)	9.500
b)	19.000
c)	38.000
d)	76.000
e)	152.000

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka.

C) Eyðing á brennanlegu sorpi fyrir önnur sveitarfélög í sorpeyðingarstöð kostar fyrir árið 2000, kr. 8,40/kg.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur með tilvísun til heimildar í samþykkt um sorphirðu í Húsavíkurkaupstað nr. 363 frá 29. september 1992 og gildir fyrir árið 2000.

Húsavíkurkaupstað, 28. desember 1999.

Guðmundur Níelsson bæjarritari.